

#### IV. hluti. Um menntun og mannlíf

Viðhorf til menntunar	299
Rannsóknir í háskóla	309
Heimspékideild, háskólinn og þjóðfélagið	319
Menntun og stjórnmal	325
Hvað eru stjórnmal?	347
Siðferði í íslenskum stjórnmalum	365
Hvað er fátækt?	373
Hvað er ást?	385
Ritaskrá	393
Nafnalisti	398

## Forspjall

### Varnaðarorð:

Vilji menn af heimspekinganna vatnsrennum drekka vísdóminn, þá er alltför hætt við, að þar fljóti í bland nokkrar agnir holdlegrar skynsemi, sem að er reiði og fjandskapur í gegn guði (Róm.8), því þó þær séu runnar í upphafi af þeim sanna vísdóms brunni, þá fer þeim eins og öðru vatni, að það dregur dóm af þeim jarðvegi, er það rennur um. Trúið mér, svo eru og spekinganna lækir, að þeir tapa sínum uppruna, þá er þeir renna um leirveltum syndum spilltrar náttúru.

Séra Jón Vídalín.

Iðulega spyrja erlendir heimspekingar eða fræðimenn hvert sé sérsvið manns eða sérgrein innan heimspekinnar. Vanalega hika ég við að gefa ákveðið svar við þessari spurningu, t.a.m. með því að segja „siðfræði“ eða „frumspeki“, eða með því að nefna ákveðin vandamál svo sem um eðli trúar eða vísinda. Stundum hef ég freistast til að svara „túlkunarfræði“, á ensku „hermeneutics“, eða „fyrirbærafræði“, á ensku „phenomenology“.<sup>1</sup> Þetta svar láta menn sér yfirleitt lynda, því að þessar nafngiftir kannast þeir við, þó að þau segi lítið um hver viðfangsefnið eru sem við er glímt. Við önnur tækifæri hef ég staðið mig að því að andmæla spurningunni með því segja að í mínum huga séu engin sérsvið eða sérgreinar innan heimspeki, ég leggi einfaldlega stund á heimspeki. Viðmælandi minn er þá vís til að benda mér kurteislega á að enginn geti lengur sinnt öllu

<sup>1</sup> Sjá um túlkunarfræði greinina „Nokkur hugtök og úrlausnarefni í túlkunarfræði“ í *Mál og túlkun*, Reykjavík 1981, s. 175-200; einnig grein mína „Túlkunarfræði“ í *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Reykjavík 1983. – Ég minnst á fyrirbærafræði í *Hugsun og veruleiki*, Reykjavík 1975, s. 63 og einnig í fyrirlestrinum „Hvernig rannsaka skal mannshugann“.

því sem heimspekingar fást við, heimspekin sé núorðið klofin niður í ótal sérsvið.

Ef talið er nú ekki látið niður falla, beinist það gjarnan að þeim aðstæðum sem okkur eru búnar á Íslandi til að stunda heimspeki. Aðstæðurnar eru skýrar. Stöður í heimspeki við háskólann eru fáar og við sem þar störfum verðum í kennslu að sinna ólíkum sviðum og greinum heimspekinnar eftir því sem kostur er. Sérhæfingin verður því naumast hlutskipti okkar. Við hljótum að reyna að vera eins konar alfræðingar í heimspeki. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að við reynum að sérhæfa okkur í fræðunum eftir því sem tími leyfir og hugur okkar stendur til. Og þetta gerum við raunar. En þar með er ekki öll sagan sögð. Heimspekileg fræði eru borin uppi af orðræðu og ritstörfum sem kalla á lestur og gagnrýni. Heimspekingur, sem fæst við ritstörf, hefur þrjá lesendahópa að miða við: aðra atvinnumenn í heimspeki, heimspekinema og svo óafmarkaðan hóp áhugafólks um heimspeki. Ef við hér á Íslandi viljum miða rit okkar við atvinnuheimspekinga eingöngu, væri réttast af okkur að skrifa á erlendu máli. Ef við ætlum að skrifa á íslensku hljótum við fyrst og fremst að taka mið af heimspeki nemum og öðru áhugafólki um heimspeki. Þetta er frumstaðreynd um aðstæður okkar til að stunda heimspeki á Íslandi.

Hvað felst í þessari staðreynd? Og hvaða ályktanir má draga af henni? Merkir hún að ritum íslenskra heimspekinga hljóti að vera fræðilega ábótavant, þau standist ekki kröfur vandaðrar fræðimennsku? Segir hún að íslenskir heimspekingar hljóti sífellt að vera að skrifa „niður fyrir sig“, tala með kennivaldi til hinna óupplýstu? Felur hún í sér að hér séu einungis skrifuð alþýðleg heimspekirit sem ekkert erindi eigi við erlenda lesendur? Leiðir af henni að íslenskir heimspekingar geti ekki vænst þess að ná góðum árangri í fræðum sínum? Þessum spurningum vil ég öllum geta svarað neitandi. Ég lít svo á að heimspekirit eigi erindi við hvern þann sem reynir að hugsa í alvöru um veröldina. Þetta á við flest sígild heimspekirit frá dögum Platóns og Aristótelesar og fram á þennan dag. Þau höfðu til allra hugsandi manna og eru óþrjótandi uppsprettur nýrra hugsana. Skýringin er sú að þau fjalla um sammannlega reynslu af veröldinni og bregða birtu hugmynda og

kenninga yfir hlutskipti okkar og verkefni í heiminum. Um leið nærast heimspekileg fræði á tengslum við reynslu og hugsanir alþýðu manna og koðna niður ef þessi tengsl rofna. Heimspeki sem lokast um sjálfa sig sem sérgrein fyrir fáeina útvalda er ekki eiginleg heimspeki. Þess vegna á heimspekin ekki – og má ekki – klofna niður í eintóm sérsvið sem atvinnumenn einir botna í og sinna.

Hér á Íslandi er sem betur fer ekki mikil hættá á slíkri þróun. En þar með er ekki sagt að aðstæður okkar séu hinar ákjósanlegustu! Sannleikurinn er sá að heimspekileg fræði á Íslandi eru að mestu óþlæggðar akur. Sárafáir frumtextar í heimspeki hafa verið þýddir og einungis örfáir Íslendingar öfluðu sér fræðilegrar heimspekimenntunar á fyrri hluta þessarar aldar og skrifuðu um heimspeki. Tilrú og áhugi fjölmargra Íslendinga á heimspeki hafa hins vegar verið ótrúlega mikil og alls kyns fræði verið kennd við heimspeki, jafnvel „íslenska heimspeki“.

\*

Fyrstu kynni mín af heimspeki voru raunar í tengslum við rit um uppeldis- og sálarfræði sem ég fékk í föðurhúsum, síðan einhvers konar austurlensk fræði sem ég rakst á, og loks rit Sigurðar Nordals. Í menntaskóla komst ég, nánast af tilviljun, í kynni við verk franskra höfunda sem urðu til að auka áhuga minn á heimspeki,<sup>2</sup> en ritum Platóns og annarra vestrænna heimspekinga kynntist ég ekki að gagni fyrir en í háskóla. Ég hef spurt nemendur sem sækja námskeið í heimspeki á fyrsta ári í háskólanum hvað vakið hafi áhuga þeirra á heimspeki og reynsla þeirra er hliðstæð minni, eitthvað sem þeir höfðu lesið af tilviljun. Skýringin er einföld: hvergi í íslenska skólakerfinu eru nemendur fræddir samkvæmt skipulegri námsskrá um þann heimspekisarf sem liggur menningu Vesturlanda til grundvallar og mótað hefur nútímasamfélag ásamt vísindum, tækni og kristindómi. Hér er sem sagt mikið verk óunnið í íslensku menntakerfi, sem hópur

<sup>2</sup> Þórarinn Björnsson, skólameistari, studdi þennan áhuga minn og hyatning hans skipti mig miklu.

heimspekimenntaðs fólks þarf að vinna. Forsendan er auðvitað sú að við viljum hafa menntakerfi sem rís undir nafni og stuðlar að þroska hvers einstaklings, gefur honum kost á að kynnst þeim arfi sem samtíðin byggir á og vinnur úr.

Vestræn menning á sér tvær meginuppsprettur, aðra gríska, hina hebreska. Þær renna saman í Rómaveldi snemma á miðöldum, og þjóðríki Vestur-Evrópu, sem mótast á nýöld, hefjast til vegs með því að vinna úr arfi sem frá þeim er runninn. Á þetta jafnt við um siði í stjórnfari, lögum, viðskiptum og trú sem og í fræðastörfum, listum, tækni og starfsháttum. Auk þessara tveggja meginarfleifða má nefna hinn norræna eða germanska arf sem Íslendingar hafa öðrum þjóðum fremur haft aðstöðu til að varðveita í fornum bókmenntum. Þessari uppsprettu vestrænnar menningar vildi Sigurður Nordal fá Íslendinga til að sinna, því að þeir sitja að bestu heimildinni:

Íslenzkar fornþekkingar, – ef til þeirra er talið allt, sem varðveitt var á Íslandi og hvergi annars staðar, – eru frumlegustu og að flestu leyti sígildustu þekkingar allra miðalda, milli klassískra rita Grikkja og Rómverja og rita frumkristinnar annars vegar og þroskuðustu þekkingar endurreisnartímanna hins vegar. En þær eru auk þess langfyllstu og fullkomnustu heimildir um hina germönsku uppsprettu vestrænnar menningar, kjarni hinnar þriðju ritningar Norðurlandþjóða. Þær eru furðulegt, veraldarsögulegt afrek smárrar þjóðar, en hafa líka galdið þess að vera ritaðar í afskekktu landi og á tungu, sem fáir útlendingar nema til hlítar, svo að heiminum hefur sézt of mjög yfir þær. Hitt er annað mál, hver gaumur þeim kann að þykja gefandi, ef eigi er aðeins hugsað um þær sem sögulegar heimildir eða sem listaverk, heldur yngilind nútíðarmenningar á borð við hinar ritningarnar tvær.<sup>3</sup>

Ég tók Sigurð trúanlegan um hugsanlegt gildi fornþekkingar okkar og hef raunar ekki enn gengið alveg af þeirri trú. Fyrir atbeina þeirrar menningar sem íslenskar fornþekkingar greina frá, með raunverulegum skilningi á hinum fornu siðum og speki, gætu nútímamenn ef til vill öðlast þá sjálfsþekkingu sem er öllum vísdómi nytsamlegri til að takast á við veröldina. Öll eiginleg *sjálfsrýni* er *sögurýni*. Við vitum hvorki hver við erum né hvert við stefnum, ef okkur er ekki ljóst hvaðan við komum.

<sup>3</sup> *Íslensk menning*, Reykjavík 1942, s. 158.

Ég ályktaði sem svo að til að skilja hinn forna norræna arf þyrfti maður fyrst að kunna nokkur skil á hinum gríska og hebreska arfi, sem væri einkum að kynnst í heimspeki. Ég tók Sigurð einnig trúanlegan um gildi heimspekinnar, en hann segir þegar hann minnst Hannesar Árnasonar:

Mér hafði aldrei komið til hugar að stunda heimspeki að prófnámi. Samt leit ég líkt á hana og síra Hannes kveður að orði í erfðaskrá sinni: „að engin vísindi muni jafn menntandi eða jafn vel löguð til að bæta manninn í öllu tilliti“ – og þá frammar öllu sálarfræðin, eins og hann segir þar á öðrum stað. Sé þetta rétt, má heimspekin ekki vera eign sérfræðinga einna. Allir verða að reyna að fá sinn hlut í henni, eftir því sem til vinnst, samhliða annarri þekkingu sinni og atvinnu.<sup>4</sup>

Um þetta er ég enn sannfærðari í dag en þegar ég las það fyrst, þó að mér sé einnig ljósara nú en áður, að lærdómurinn einn dugar ekki til að sigrast á breyskleika mannanna.

Ég ákvað að leggja stund á heimspeki í Evrópu þar sem mestar líkur væru á að kynnst fornri og nýrri heimspekihefð. Snemma í náminu hafði ég í huga að fræðast sérstaklega um túlkun fornra rita. Fyrir mér urðu rit franska heimspekingsins Paul Ricoeurs. Fyrsta ritgerðin sem ég las eftir hann fjallaði raunar um vanda sem stendur Íslendingum nærri: vanda þjóðmenningar andspænis þeirri veraldarmenningu sem breiðist út um heiminn á þessari öld.<sup>5</sup>

Sú heimspeki, sem Ricoeur leggur stund á, er sprottin af langri hefð sem rekja má aftur til Forngríkkjanna Sókratesar, Platóns og Aristótelesar. Helstu heimspekingar þessarar hefðar eru Ágústínus, Descartes, Kant, Fichte, Hegel, Kierkegaard, en af heimspekingum þessarar aldar, sem henni tilheyra, má nefna Edmund Husserl, Martin Heidegger, Maurice Merleau-Ponty, Jean-Paul Sartre, Jean Nabert og Eric Weil. Höfuðstef þessarar hefðar er maðurinn sjálfur, lífsreynsla hans og tengsl við veruleikann, en þann straum þessarar hefðar sem Ricoeur leggur sjálfur mest upp úr kennir hann

<sup>4</sup> Sama rit, s. 13.

<sup>5</sup> Paul Ricoeur: „Civilisation universelle et cultures nationales“, í *Histoire et vérité*, París 1964. Greinin hefur birst á íslensku í þýðingu Þórðar Kristinnssonar undir heitinu „Heimsmenning og þjóðmenning“ í *Teningi*, 4. hefti, 1987, s. 28-34.

við *yfirvegum*. Descartes, Kant og Husserl eru helstu forkólfar þeirrar heimspeki. Í *yfirvegunarheimspeki* er litið svo á að meginverkefnið sé að gera grein fyrir möguleikum mannsins til sjálfs-skilnings: hvernig unnt sé með *yfirvegum* að átta sig á því sem tengir saman allar athafnir mannsins, gerir líf hans að einni heild, þrátt fyrir alla þá tvístrun og samhengisleysi sem einkenna líf hans í reynd. Maðurinn merkir hér þá einstöku vitandi veru sem hvert okkar er. Verkefnið er að skýra grunntengsl slíkrar veru við allt annað, hlutina, heiminn og annað fólk, og einnig sjálfa sig; og ennfremur að draga fram í dagsljósið þá reynslu sem slík vera verður eða getur orðið fyrir og þá möguleika, sem í henni búa, til að byggja heiminn á gæfusaman hátt.

Þegar ég fór svolítið að botna í þessari heimspekihefð vöknudu með mér ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi voru sjálf efnistöð heimspekinganna mér framandi; mér var iðulega ekki ljóst hvers vegna þeir héldu fram þessum kenningum en ekki hinum og hvernig þeir fóru að því að byggja upp kenningar sínar. Í öðru lagi komu ýmis viðfangsefni þeirra mér spánst fyrir sjónir, til að mynda gátan um tengsl okkar við eigin líkama hjá Descartes, forskilvitlegt sjálf hjá Kant, andinn hjá Hegel, og svo mætti lengi telja. Auk þess fundust mér kenningar heimspekinganna furðu ólíkar, stundum beinlínis í mótsögn hver við aðra. Loks var mér oft ekki ljóst innra samhengi kenninga eins og sama heimspékings. Mér fannst því vandratað í þessum frumskógi hugmynda og raka og tapaði gjarnan áttum.

Sjálfsagt hefur margur heimspekineminn svipaða sögu að segja. Þessi reynsla er dýmæt. Sá sem þekkir af eigin reynslu hvað það er að vera áttavilltur leggur sig fram um að ná áttum og vaða ekki lengur í villu og svíma. Og ástundun heimspeki er öðru fremur baráttan við að ná áttum í hugsun sinni. Hvernig til tekst er svo undir ýmsu komið, sumt er á okkar eigin valdi, annað ekki. Það sem vakti mesta undrun mína var hin *heimspekilega hugsun* sjálf, þessi hugsun sem leitast við að átta sig á heiminum öllum og sjálfri sér líka. Ég botnaði stundum ekkert í þessari hugsun, hún virtist óútreiknanleg og geta brugðið sér í alls konar líki, þeyst fram og aftur um veröldina á andartaki, sett mannlífið á svið í nýjum

heimi, leikið sér að því að skyggjast inn í leyndustu hugarfylgsni manna, þingað við almættið um skipan veraldar og örlög mannkyns, verið þess á milli hljóð og þrúð að eiga við hárfínar rökfærslur.

Ég einsetti mér að reyna að skilja þessa hugsun með því að kafa sérstaklega í heimspeki Ricoeurs og reyna jafnframt að skilja kenningar Hegels og Heideggers. Kostimir við heimspeki Ricoeurs voru, að mínum dómi, víðfeðmi hennar og margs konar skírskotunar til sögunnar og samtímans, auk þess sem Ricoeur hafði sett sér það mark að móta túlkunarheimspeki sem meðal annars gerði kleift að grafast fyrir þá lærdóma um mannlífið sem finna mætti í fornum sögum og kvæðum. Ætlun mín var þó fyrst og fremst sú að rannsaka hvernig hin heimspékilega hugsun sjálf ynni verk sín, hvaða aðferðum hún beitti, hvernig hún mótaði kenningar, færði rök með þeim eða á móti og hvernig hún hugsaði takmarkanir sínar eða takmarkaleysi. Ég bjó mér til ákveðnar tilgátur um það hvernig heimspékileg hugsun vinnur og beitti þeim síðan á heimspeki Ricoeurs, einnig á heimspeki Hegels og Heideggers, og bar síðan mynstur kenninganna saman.

Þessu verki lauk ég árið 1973 þegar ég varði ritgerð til doktorsprófs við Kapólska háskólann í Louvain í Belgíu.<sup>6</sup> Þar með hafði ég einungis lokið því sem mér fannst vera fyrsti áfanginn í því að móta kenningu um heimspékilega hugsun. En heimspékikenning verður ekki að veruleika eins og húsbygging samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun. Frá því ég hóf störf við Háskóla Íslands haustið 1971 hefur vinna mín aðallega verið fólgin í því að kenna heimspeki eða nánar sagt, að reyna að fá menn til að tileinka sér heimspékilega hugsun. Ég hef reynt að hugsa og ræða heimspékilega með nemendum mínum og öllum öðrum sem sýnt hafa áhuga á heimspeki. Ritgerðirnar, sem hér er saman safnað, eru sprotnar af þessari viðleitni. Þær hafa þó ekki verið samdar sem liður í skipulegri kennslu, heldur af sérstökum tilefnum eða eftir beiðni.<sup>7</sup> Þær hafa

<sup>6</sup> *Du cercle et du sujet*, Problèmes de compréhension et de méthode dans la philosophie de Paul Ricoeur, Louvain 1973.

<sup>7</sup> Ég hef ekki tekið upp í þetta safn smærri erindi, stuttar blaðagreinar eða viðtöl. Þá hef ég einnig sleppt efni sem tengist beint öðrum verkum sem ég hef unnið að í sambandi við kennslu eða rannsóknir.

verið hugsaðar í því skyni að að vekja til umhugsunar, fá aðra til að taka þátt í mínum eigin þælingum.<sup>8</sup>

\*

Á heimspekileg samræða erindi til okkar? Er hljómgrunnur fyrir hana? Við, sem fáumst við að kenna heimspeki og flytja heimspekifyrirstra fyrir þá sem hlýða vilja, stöndum iðulega frammi fyrir spurningum af þessu tagi. Svar mitt er þetta: Ég fæ ekki skilið að nokkur þjóð geti unnið úr eigin menningararfi og orðið fullgildur þátttakandi í þeirri veraldarmenningu sem nú er að mótast nema hún tileinki sér vestræna heimspeki af grískum og kristnum stofni. Við Íslendingar hljótum að leggja stund á heimspeki, ef við ætlum að lifa af sem sjálfstæð þjóð og hafa einhverja stjórn á ákvörðunum okkar og athöfnum. Að öðrum kosti verðum við ekki viðræðuhæf í samræðu þjóðanna þar sem framtíðarmenning veraldarinnar mótast. Sú samræða er og verður heimspekileg, snýst um merkingu og tilgang ákvarðana og athafna. Mannfólkið er hugsandi verur og að endingu veltur allt á því hvort og þá hvernig við sinnum hugsunum okkar og leggjum rækt við þær í samlífi okkar. *Hugsunarleysi* er ef til vill alvarlegasti lösturinn í fari nútímamanna. Nútíma þjóðfélag elur á þessum lesti með gegndarlausu áreiti og tillitsleysi; fólk verður sífellt að bregðast við boðum sem berast hvaðanæva; það getur orðið eins og friðlausar mys í búi eða jórtrandi kýr á bás. Friðleysi og sljóleiki verða hlutskipti okkar, ef við spyrnum ekki við fótum. En það dugur ekki að spyrna við fótum með því að draga sig inn í eigin skel og láta eins og veröldin komi manni ekki við. Slík flóttaviðbrögð, sem taka á sig ótal myndir í lífi okkar, geta að vísu bjargað mönnum um stundarsakir, en þau stefna okkur beint í andlegt gjaldprot. Og vissulega býður okkar

<sup>8</sup> „Þæling“ er gamalt íslenskt orð, en sögnin „að þæla“ er komin af nafnorðinu „þáll“. Þáll Ólafsson leikur á merkingu orðsins „þáll“ í eftirfarandi vísu:

Þáll einn beiddi Þál um þál,  
Þáll því neita réði,  
því hann kvaðst engan eiga þál  
utan Þál sem léði.

ekkert nema slíkt gjaldprot, ef við reynum ekki að skilja hlutskipti okkar og þann heim sem við byggjum. Heimspekileg samræða um merkingu og tilgang hlutanna, um allt sem okkur flýgur í hug, um heiminn og allt sem í honum gerist og býr, trúi ég að sé eitt áhrifamesta svar sem við eigum völ á við áreiti og álagi heimsins.

Þessi trú mín á *heimspekilega samræðu* tengist að sjálfsögðu þeim hagsmunum sem ég hef að gæta sem prófessor í heimspeki og þeirri hugsanlegu þröngsýni sem því fylgir að sinna lítið öðrum verkum en þeim sem heimspeki tengjast. Heimspekileg þröngsýni hefur þann kost að það er ekki fyrirfram bundið að hverju hún beinist: hún getur beinst að hverju sem vera skal, ef því er að skipta, að svo miklu leyti sem það snertir merkingu eða markleysu manlegrar hugsunar. Viðfangsefnið er heimurinn sjálfur, nánar sagt vitund manna eða hugsun um heiminn og það sem birtist í heiminum. Og hugsunin sem er að verki í hverri manneskju þekkir sér fyrirfram engin takmörk, en engu að síður – og þetta er alvarlegt mál – tynir hún sér sífellt í því sem á vegi hennar verður: í hlutunum umhverfis okkur, í öllu sem líkamann varðar, í áhyggjuefnum daglegs lífs, verkefnum, skyldum og hvers kyns störfum. Því eru engin takmörk sett sem glepur hugsunina, upptekur hana eða fangar. Allt skipulag mannlífsins getur virkað eins og risavaxin vél uppfundin til þess að fjöttra hugsun fólks, hindra að hún fari frjáls um heiminn í leit að merkingu og skilningi.

*Heimspekileg hugsun* er – eins og ég skil hana – endalaus viðleitni til að brjóta þá hlekki sem jafnan eru lagðir á hugsun fólks. Hún er tilraun til að virkja hugarorku manna til að skoða og skilja veruleikann og verða þar með hæfari í alla staði til að byggja heiminn. Við byggjum vissulega heiminn áður en heimspekin kemur til skjalanna; í þeim skilningi kemur heimspekin ævinlega eftir, ef hún á annað borð kemur. En það merkir ekki að heimspekin komi of seint. Allt hefur sinn tíma, einnig heimspekin. Hún verður ekki með góðu móti stunduð nema við viss skilyrði: frumskilyrðin eru þau að menn eigi til hnífs og skeiðar, eigi í þokkalegum samskiptum við annað fólk og séu ekki svo aðþrengdir af áhyggjuefnum að þeir geti ekki um annað hugsað en það hvernig unnt sé að lifa af. Önnur skilyrði eru þau að menn hafi þegar öðlast reynslu af heiminum og

sjálfum sér, reynslu sem knýr menn til að yfirvega líf sitt og jafnvel mannlífið í heild, reynslu sem kyndir undir spurningum sem ekki er vitað fyrirfram hvernig á að svara. Við slíkar aðstæður getur heimspekileg hugsun farið að njóta sín, bregða hugmyndum á loft, reifa kenningar, leita svara og andsvara við öllum hugsanlegum spurningum, takast á við þann lífsvanda sem allar hugsandi verur standa frammi fyrir: að bera ábyrgð á eigin hugsun.<sup>9</sup>

\*

Hér er komið að vanda sem tekist er á við í allri heimspeki og heimspekikennslu. *Getum við lært að bera ábyrgð á eigin hugsunum og kennt öðrum það?* Þessi spurning er sjálf heimspekileg því að við vitum ekki hvernig á að fara að því að svara henni. Hún vekur því ýmsar aðrar spurningar, t.a.m. hvað það sé að bera ábyrgð, hvernig hugsanir mótist, einnig hvað hægt sé að kenna og hvað mönnum sé unnt að læra. Fólk getur lært að framkvæma ákveðnar aðgerðir í huganum, þess vegna er hægt að kenna stærðfræði, rökfræði og ýmsar greinar sem knýja fólk til að fylgja ákveðnum ótvíræðum reglum um úrvinnslu og framsetningu efnis. Mikilvægustu umhugsunarefni manna eru hins vegar af því tagi að úr þeim verður ekki unnið með rekjanlegum aðgerðum: fyrst gerir þú þetta, svo

<sup>9</sup> Það er umhugsunarvert að margt er líkt með aðstæðum Aþenuþúa til forna og Íslendinga nú á dögum. Þeir eru álíka margir og byggja „borgríki“ þar sem nán tengsl eru með mönnum, hvers kyns viðskipti blómstra, stjórnsmál eru fjörug og ruglingsleg, menningarviðleitni er af öllu tagi og tortryggni gætir í garð útlendinga, en fólk telur sig hafa vit á öllum sköpuðum hlutum og lætur skoðanir sínar óspart í ljós á mannamótum. – Ég hef annars staðar dregið upp svofellda mynd af lífinu í Aþenu forðum: „Hefðbundið skipulag hins gríska þjóðfélags var komið í upplausn; hinn rótgróni, smái en trausti menningarheimur Grikkja mátti sín ekki lengur gegn innri og ytri mót-sögnum: stöðugri valdabaráttu, stríðsrekstri, svikum, stjórnmálaspillingu. Þessi röskun á hinu sjálfsagða og trausta fyrirkomulagi, sem menn höfðu áður búið við, hrakti þá til spurnar um lífsafkomu sína, örlög sín, vald guðanna, um stöðu sjálfra sín í heiminum. En vegna traustra hefða og siðvenja flosnuðu þeir ekki upp sem menningarleg heild, heldur snérust til varnar og reyndu að finna festu og öryggi í nýjum viðhorfum.“ *Hugsun og veruleiki*, s. 87.

þetta og svo koll af kolli uns útkoma eða niðurstaða er fengin. Um *ástina, mannshugann, ríkið, vísindin, trúna, sannleikann, listina, eilífðina, almættið, hugsunina* og *heiminn sjálfan* – svo nokkuð sé nefnt – verður hvorki hugsað né rætt af skynsamlegu viti með því að fella þau inn í röklegar formúlur eða skilgreiningar. Vandinn er sá í fyrstu að okkur skortir skýran og meðvitaðan *skilning* á þessum fyrirbærum sjálfum. Fyrsta spurningin er því um skilning á *merkingu* þessara umhugsunar- eða áhyggjuefna. Með öðrum orðum: spurningin er um það hvernig við hugsum okkur *ástina*, *mannshugann*, *ríkið* o.s.frv., og hvort hugsanir okkar um þau eigi við rök að styðjast. Sannleikurinn er á hinn bóginn sá að við erum iðulega skeytingarlaus um það hvernig við hugsum – og hugsum þá af algeru ábyrgðarleysi um heiminn og allt milli himins og jarðar. Ein höfuðástæða þessa ábyrgðarleysis er sú staðreynd að við vitum ekki *hvers vegna* við hugsum þær hugsanir sem við hugsum. Okkur dettur eitthvað í hug, flýgur eitthvað í hug, hugsanir leita á okkur, sumar hörfa undan þegar við reynum að ná tökum á þeim, koma orðum að þeim, aðrar eru á reiki, óljósar, þokukenndar, enn aðrar viljum við forðast. Því virðast engin takmörk sett hver samskipti okkar eru við hugsanirnar. Þær koma og fara rétt eins og þeim sýnist: hvernig í ósköpunum er þá hægt að ætlast til að við séum ábyrg fyrir þeim?!

Við lærum að bera ábyrgð á hugsunum okkar með því að reyna að hugsa skýrt og skipulega um öll þau efni sem á hugann leita. Það er ekki hægt að hugsa skýrt og skipulega um alla skapaða hluti í *einu*. Hugsun er hugsun *um* eitthvað, en þetta „eitthvað“ þarf að afmarka og skýra hverju sinni. Það getur verið ákveðið verkefni, viss persóna, tilteknar áhyggjur eða vandamál, sem sagt hvað sem vera skal, t.d. þetta: „allir skapaðir hlutir“. Þá hugsum við um allt sem er í heiminum *sem eina heild*. Dæmigerð frumspekileg spurning er þessi: hefur allt sem er í heiminum tiltekin samkenni til að bera? Getum við sagt eitthvað ákveðið um allt sem er? Eins má spyrja: hvernig er *heimurinn* fyrir okkur sem ákveðið viðfangsefni hugsunarinnar?

Nú er heimurinn vettvangur alls sem birtist okkur, verkar á okkur, og um leið er hann staðurinn sem við byggjum. Heimurinn er svið allra hugsana okkar og athafna. Öll hugsun og athöfn vísar til

heimsins, á sér stað í heiminum, er liður í viðleitni til að byggja heiminn. Hér er ákveðinn munur á hugsun og öðrum athöfnum mannsins. Athafnir manns eru oft ekki annað en viðbrögð við því sem að steðjar. Maðurinn bregst við aðstæðum sínum í því skyni að hafa áhrif á þær, breyta heiminum. Hér kemur hugsunin til sögunnar sem *ákveðin tegund athafnar*. Með hugsun sinni dregur maðurinn sig í hlé undan álagi heimsins í því skyni að geta brugðist við honum með öðrum hætti en áður. Hugsunin gefur svigrúm til athafna sem ekki eru ósjálfráð viðbrögð við álagi aðstæðnanna.

Að sjálfsgöðu má hugsa sér að velja þann kost að vera sífellt á þessu undanhaldi, vera sífellt að draga sig í hlé með því hugsa um heiminn eða hvað sem vera skal. Þetta undanhald er ekki flótti, heldur eina leiðin til að vinna úr þeim áhrifum og því áreiti sem við verðum fyrir. Ástundun vísinda og fræða sem og bókmennta og lista býður upp á þennan kost. En tilgangur undanhaldsins er að snúa aftur til heimsins, hafa áhrif á heiminn – ekki sá að hverfa úr heiminum. Um það hvernig vísindi, listir, trú og heimspeki verka á heiminn erum við samt næsta ófróð. Áhrifamáttur hugsunarinnar er okkur jafnan dulinn. Og þó blasir hann hvarvetna við í breytni manna, störfum, verkum og stofnunum. Allt skipulag mannlífsins er bókstaflega óskiljanlegt nema í ljósi hugsunarinnar. Hugsun merkir hér ekki hina vísvituðu, skýru og skipulegu hugsun sem fram kemur meðal annars í fræðistörfum, heldur þá hugsun sem er að verki í lífinu sjálfu og sem við getum uppgötvað í sjálfum okkur og allt í kringum okkur, ef og þegar við *yfirvegum* lífið. Mannlífið á sér eigin rökvísi, rökvísi merkingar, tilgangs, áforma, ætlana, tilfinninga, langana, hvata, óska, – rökvísi sem okkur er aldrei ljós nema að hluta eða í brotum.

Sú heimspeki, sem ég stunda og reyni að miðla, er tilraun til að komast fyrir þessa hugsun, þessa rökvísi, sem býr í lífinu sjálfu. Ég trúi því að allt, bókstaflega allt, sé skiljanlegt, það sé hluti af þessari rökvísi tilverunnar sjálfar og skiljanlegt í ljósi hennar. Þar með er ekki sagt að ég trúi því að okkur sé unnt að skilja rökvísi lífsins til fulls. Hugsun okkar sjálfra er hluti þessarar rökvísi og það eitt nægir til að sýna takmarkanir allrar yfirvegunar. Við yfirvegum ævinlega við ákveðnar aðstæður, hugsun okkar er bundin *stað* og

*stund*. Þess vegna eru *sagan* og *landið* sem við byggjum hinn raunverulegi grunnur viðleitni okkar. Og einnig þess vegna eru *tími* og *rúm* frumgátur heimspekinnar og frumskilyrði. En möguleikar okkar til yfirvegunar, til að að gera okkur ljósa hugsunina sem er hvarvetna að starfi þar sem mannfólkið kemur við sögu, eru óþrjótandi. Sannleikurinn er sá að við nýtum okkur ekki þessa möguleika nema að sáralitlu leyti. Við hugsum að vísu í sífellu, en án þess að leiða hugann að því *hvernig* við hugsum og *hvað* við erum raunverulega að hugsa, þ.e.a.s. án þess að yfirvega.

Af þessum sökum dylst okkur rökvísi tilverunnar. Við missum sjónar á merkingu og tilgangi hlutanna og lífið verkar á okkur sem alger fjarstæða þar sem heimskan ræður ríkjum og svartnættið eitt blasir við. Og vissulega drottnar heimskan yfir heiminum, þ.e.a.s. skammsýn hugsun okkar manna, fjötruð við fánýta hluti. Að gera sér þetta ljóst er fyrsta skrefið í átt til viskunnar, samkvæmt ævaforri kenningu Sókratesar. En þetta fyrsta skref er flestum óljúft að stíga. Flest okkar vita nefnilega betur, hafa ótal skoðanir og ótakmarkað vit á málefnum manna og hafa því miklu að miðla, ef svo ber undir. Þessi hrokafulli hleypidómur á við viss rök að styðjast: sérhver maður býr yfir djúpri og dýrmætri reynslu af lífinu sjálfu og þar með af rökvísi þess. Vandinn er sá að vinna úr þessari reynslu, nýta sér hana, láta hana vísa sér veginn. Hér stendur hnífurinn í kúnni. Það er eins og við streitumst sífellt gegn því að læra af lífsreynslunni, látum eigin skoðanir og heimatilbúið vit koma í veg fyrir að við viðurkennum eigin fávísku og opnum augun fyrir lærdómum lífsins sjálfs.

Sá sem gengur „í skóla lífsins“ lærir öllu öðru fremur að efast; lífið kennir honum að vera sífellt viðbúinn því að sér skjátlist og að ekki sé allt sem sýnist. Tortryggni kemur í stað barnatrúar. Efastemdir fær enginn umflúið sem á annað borð vill reyna að hugsa. Þær eru nauðsynlegur hreinsunareldur fyrir hleypidómafullan huga. En þar með er ekki öll trú úr sögunni. Um leið og *barnalegri* trú er vikið til hliðar opnast leið til *barnslegrar* trúar. Í stað einfeldningslegrar trúar á hvers kyns dularöfl getur þá komið einlæg trú á það afl sem er að verki í lífinu á hverju sem gengur og hvað sem okkur kann að sýnast. Til að öðlast slíka einlæga trú dugar ef til vill ekki viljinn einn. Hinu ráðum við hvort við nýtum okkur eigin

skynsemi til að stefna á vit þessarar trúar eða riotum hana til að treysta varnargarðana kringum eigin heimsku. Þegar við *yfirvegum* eigum við þess kost að taka þá stefnu sem við sjálf kjósum: við getum hlúð að hleypidómunum eða hleyppt heimdraganum í átt til þeirrar merkingar sem býr í veruleikanum sjálfum.

\*

Það er að sjálfsögðu von mín að með ritgerðunum, sem hér fylgja, hafi mér tekist að höggva einhver skörð í varnargarða eigin heimsku sem og þeirra sem þær voru upphaflega samdar fyrir. Og vonandi geta þær nýst væntanlegum lesendum í sama skyni. Í fyrsta hlutanum – *Um heimspekilega hugsun* – eru samankomnar greinar sem miða hver með sínum hætti að því að skýra *hugsunina* sem heimspekin sjálf glímir við. Fyrsta greinin fjallar um heimspekina sjálfa og þá hugsun sem hún stendur undir, önnur greinin um *mannshugann* sem verið hefur höfuðviðfangsefni heimspekinnar, þriðja greinin um þá kröfu sem heimspekin gerir til hugsunar manna að hún *hlíti rökum*, en í fjórðu og fimmtu greininni er fjallað um *heimspekilega hugsun* tveggja íslenskra heimspekinga, þeirra Brynjólfs Bjarnasonar og Sigurðar Nordals. Í sjöttu greininni er því lýst hvernig heimspekin, eins og ég skil hana, lítur á baráttu *trúar* og *listar við markleysu lífsins* og gerð grein fyrir tveimur höfuðeinkennum á hugsunarhætti nútímamanna, sjálfðæmishyggjunnar og tæknihyggjunnar.

Í öðrum hlutanum – *Um vísindi, fræði og siðgæði* – eru greinar sem fjalla um hlut vísinda og mannlegra fræða í samtímamenningu sem og mikilvægi og eðli siðfræðinnar. Fyrsta greinin miðar að því að skýra hina *vísindalegu hugsun* sjálfa, önnur greinin fjallar um *stöðu vísindanna í þjóðfélaginu*, en í þriðju greininni er leitast við að skýra hinn *siðferðilega þátt vísindanna*. Síðustu þrjár greinarnar beinast svo að *siðfræðinni* sjálfri.

Í þriðja hlutanum – *Um kristna trú* – eru greinar sem hver með sínum hætti leitast við að varpa ljósi á þýðingu kristindómsins, áhrif hans og stöðu. Þessar greinar falla undir það sem ég hef leyft mér að kalla „náttúrulega guðfræði“, en með því á ég við að fjallað er um

Guð og boðskap trúarinnar án tillits til þess hvort opinberun Guðs hafi átt sér stað eða ekki.

Í fjórða hlutanum – *Um menntun og mannlíf* – eru nokkrar greinar um fáein hversdagsleg áhyggjuefni okkar manna: *menntun, stjórnmál, fátæktina, ástina*. Í þeim öllum leitast ég við að greina og gagnrýna viss einkenni á *hugsunarhætti* okkar um þessi áhyggjuefni. Þessi einkenni spretta öll af skorti á yfirvegum. Við hugsum iðulega og ræðum um hin mikilvægustu mál án þess að gefa gaum að því sem málið snýst raunverulega um. Skammsýn efna-hagshyggja ræður ríkjum í umræðum um menntun og stjórnmál, og vanhugsuð tilfinningasemi kemur í veg fyrir að óendanlega mikilvæg mál á borð við ástina og dauðann séu yfirleitt rædd í alvöru.

\*

Ritstörf eru iðulega tímafrek erfiðisvinna. Lítil grein getur kostað vökunætur, árangurslítil heilabrot og þrotlausan lestur. Maður er sífellt háður hjálp og stuðningi annarra. Ég hef ekki haldið til haga öllum þeim bókum eða ritgerðum sem ég hef haft gagn af við samningu þessara erinda og greina, enda hefði það ekki verið vinnandi vegur. Rit þriggja heimspekinga hafa mér ævinlega verið tiltæk, þeirra Hegels, Ricoeurs og Eric's Weils. Ég hef kenningar þeirra jafnan til hliðsjónar, þó að ég vísi ekki til þeirra nema af sérstökum tilefnum. Sama gildir um verk kennara minna í Louvain, einkum þeirra Jacques Taminiaux og Jean Ladrière. – Á meðan ég vinn að ákveðnu efni er mér tamt að ræða það við vini og kunningja og bera undir þá ótal einstök atriði. Ég stend því í þakkarskuð við fjölmarga sem hafa beint eða óbeint og jafnvel óafvitandi hjálpað mér við samninguna. Þá hafa margir vina minna lesið fyrir mig heilu textana eða hluta þeirra, gert athugasemdir, lagað orðalag og bent mér á eitt og annað sem betur mætti fara eða mér gæti orðið að gagni. Oft hefur hjálp þeirra og hvatning bjargað mér úr blindgötum eða komið mér yfir erfiðleika sem ég hefði aldrei sigrast á einn. Halldór Guðjónsson og Álfrún Gunnlaugsdóttir hafa hvað eftir annað liðsinnt mér, og Þorsteinn Gylfason og Mikael M. Karlsson hafa oft hlaupið undir bagga. Vilhjálmur Arnason,



Eyjólfur Kjalar Emilsson, Þórður Kristinsson, séra Jónas Gíslason og Gunnar Harðarson hafa ævinlega verið boðnir og búnir til hjálpar. Gunnar aðstoðaði mig jafnframt við að raða efninu saman í þessa bók. Árni Finnsson hefur haft veg og vanda af því að búa textana til prentunar, en Svanhildur Óskarsdóttir las eina próförk. Mörg álitamál og smekksatriði hef ég borið undir Auði Birgisdóttur, konu mína. Skúli Magnússon, faðir minn, færði oft málfar textanna til betri vegar og hvatti mig í hvívetna. Þá eru ótaldir margir aðrir sem hafa veitt mér ábendingar í sambandi við einstakar greinar. Satt að segja hef ég enga tölu á þeim fremur en háskólanemum, útvarpshlustendum eða öðrum sem hafa átt beinan þátt í tilurð þeirra eða lagt mér lið með einu eða öðru móti. Öllu þessu fólki kann ég bestu þakkir.

## I. hluti

### Um heimspekilega hugsun

